

# Ályktun um efnahags- og skattamál

## 1 **Traust efnahagsstjórn**

2 Mikilvægt er að endurnýja traust og trúverðugleika. Traust á bankakerfinu, traust á efnahagslífinu og traust á  
3 stefnu Sjálfstæðisflokksins. Áhersla Sjálfstæðisflokksins verður ætíð að fjölga störfum, hafa hemil á  
4 skatt heimtu og afskiptum hins opinbera og þannig örva efnahagslífið til hagvaxtar.

5

6 Peninga- og gjaldmiðilsstefnan er ein af grunnstoðum efnahagslífsins. Þjóðin kallar eftir agaðri  
7 efnahagsstjórn. Allsherjar þjóðarsátt og samræmd stefna í opinberum fjármálum og peningastefnu þarf að  
8 vera um hliðstæð skilyrði og Maastricht-skilyrðin þar sem verðbólga, langtímavextir, afkoma ríkissjóðs og  
9 heildarskuldir eiga að vera sambærileg og þekkist í helstu viðskiptalöndum Íslands. Með agaðri  
10 efnahagsstjórn er unnt að draga úr vægi verðtryggingar. Íslendingar verða að geta skipt um gjaldmiðil eftir 3–  
11 5 ár ef þeim sýnist svo. Sjálfstæðisflokkurinn setji á fót nefnd sem kanni framtíðarskipan gjaldmiðilsmála á  
12 Íslandi.

13

14 Leggja þarf fram tímasetta áætlun um hratt afnám gjaldeyrishafta. Hvatt skal til sparnaðar og fjárfestinga.  
15 Alþjóðlega samkeppnishæfur fjármálamarkaður sem getur boðið fjármagn á sambærilegum vöxtum og  
16 kjörum og erlendis þekkist er undirstaða fyrir samkeppnishæfu atvinnulífi og bættum lífskjörum.

17

## 18 **Hagræðing í opinberum rekstri, leiðrétting útgjalda hins opinbera**

19 Ríkisútgjöld jukust um of á vakt Sjálfstæðisflokksins. Nú þarf að leiðrétta útgjöld hins opinbera til lækkunar.  
20 Nýta þarf fjármuni betur og nálgast hagræðingu með leiðréttingu útgjalda en ekki flötum niðurskurði. Setja  
21 þarf markmið um árangur og skilvirkari nýtingu á almannafé.

22 Innleidd verði fjármálaregla sem hemji útgjöld hins opinbera. Hið opinbera skuli aldrei vera með meiri útgjöld  
23 en sem nemur ákveðnu hlutfalli af landsframleiðslu.

24

25 Útgjöld hins opinbera skulu eingöngu heimiluð með skýrum mælanlegum markmiðum og hvata til árangurs.  
26 Stöðva skal skuldasöfnun hins opinbera. Ávinnsla lífeyrisréttinda verði samræmd hjá launþegum. Stefnt skal  
27 að því til framtíðar að ábyrgð hins opinbera á lífeyrisréttindum í LSS og LSR verði felld niður.

28

29 Breyta þarf rekstrarformi eftirlits- og rannsóknarstofnana atvinnuveganna og semja við atvinnulífið um að  
30 borga beint fyrir þjónustuna.

31

32 Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að hið opinbera vandi fjárlagagerð og beiti agaðri vinnubrögðum..  
33 Einnig verði framsetning fjárlaga gerð skýrari. Stofnanir og yfirmenn þeirra beri ábyrgð á því að fylgja  
34 fjárlögum. Minnka skal yfirbyggingu stjórnsýslunnar. Draga þarf úr tilfærslum sem nú eru stór hluti af  
35 útgjöldum ríkisins.

36

37 Skýr skil þurfa að vera á milli verkkaupa og verksala þegar opinber þjónusta er veitt eftir því sem við verður  
38 komið. Samkeppni skal aukin í opinberum rekstri og skal hið opinbera í auknum mæli kaupa þjónustu á  
39 almennum markaði.

40

41 Auka ber einkarekstur í skólakerfinu og heilbrigðisgeiranum.

## Ályktun um efnahags- og skattamál

42

### 43 **Einföld og gegnsæ tekjuöflun**

44 Skattkerfið á fyrst og fremst að nýtast sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð en ekki sem tekjujöfnunar- eða  
45 neyslustýringartæki. Einfalda skal skattkerfið, gera það gagnsærra og gæta þess að skattar séu ekki svo háir  
46 að þeir dragi úr hvata til verðmætasköpunar. Draga ber úr millifærslum, þannig að velferðarkerfið og  
47 skattkerfið séu aðskilin.

48

49 Skatttekjur hins opinbera í hlutfalli við landsframleiðslu, að meðteknum lögbundnum iðgjöldum í lífeyrissjóði,  
50 eru með þeim allra hæstu innan landa OECD. Óumdeilt er að skattar breyta hegðun og hafa áhrif á  
51 ákvarðanatöku fjárfesta, stjórnenda og launafólks. Ofurskattar, tekjutengingar og flókið skattkerfi bitnar helst á  
52 þeim sem minna mega sín, festir fjölda fólks í fátæktrgildru og hvetur til svartrar atvinnustarfsemi....

53 Sjálfstæðisflokkurinn beiti sér fyrirskoðun á því hvernig breyta megi skattkerfinu í heild sinni með það að  
54 leiðarljósi að auka samkeppnishæfni og framleiðni efnahagslífsins.

55

### 56 **Aðgerðaáætlun**

#### 57 *Efnahags- og peningastefna*

58 Komið verði á reglu um þróun útgjalda ríkis og sveitarfélaga. Bein erlend skuldsetning sveitarfélaga verði lögð  
59 af og formlegum böndum komið á útgjöld ríkisins með fjármála-reglu sem byggist á framleiðniaukningu til  
60 langs tíma.

61

62 Eignir skulu seldar til að lækka skuldir ríkisins en ekki til að fjármagna opinberan rekstur til skamms tíma.  
63 Þetta styrkir stöðu og trúverðugleika ríkissjóðs, lækkar vaxtaálag og því vaxtakostnað ásamt því að minnka  
64 áhættu.

65

66 Mikilvægt er að fjárfestingar aukist. Ríkisvaldið skal hætta að leggja stein í götu arðbærra fram kvæmda í  
67 orkuöflun, sjávarútvegiog annarri uppbyggingu.

68

69 Samkeppni um vinnuafli er alþjóðleg, mikilvægt er að auka kaupmátt og halda öflugu vinnuafli í landinu.

70

71 Æskilegt er að vægi verðtryggingar minnki í fjárskuldbindingum almennings og fyrirtækja.

72

#### 73 *Peningamál og gjaldeyrisstöðugleiki*

74 Leggja skal fram tímasetta áætlun til 12 mánaða um afnám gjaldeyrishafta að undangenginni ítarlegri  
75 áhættugreiningu. Stefna Seðlabankans verði endurskoðuð, m.a. með það að markmiði að koma í veg fyrir  
76 gífurleg vaxtarmunarviðskipti eins og áttu sér stað hér á síðasta áratug. Vaxtamunur á milli Íslands og  
77 samkeppnislanda verði innan við 2%. Verðbólga verði svipuð og í samkeppnislöndum. Ríki og sveitarfélög  
78 verði rekin án halla. Skuldir hins opinbera verði greiddar niður. Það er skylda núlifandi kynslóða að standa  
79 sjálfar undir eigin eyðslu en senda ekki reikninginn inn í framtíðina. Unnið verði markvisst að því að hrein  
80 skuldastaða hins opinbera við útlönd verði orðin jákvæð innan 15 ára. Þá skulu heildarskuldir hins opinbera  
81 verða innan við 35% af landsframleiðslu innan 15 ára.

82

## Ályktun um efnahags- og skattamál

- 83 *Hagræðing í opinberum rekstri, leiðrétting útgjalda*
- 84 Heildstæð stefnumótun í skóla- og heilbrigðismálum. Fjölga rekstrarformum.
- 85 Skoða skal kosti þess að stytta grunn- og framhaldsskólanám, þannig að það verði styttra í árum talið og
- 86 tíminn nýttur betur.
- 87
- 88 Eftirlits- og rannsóknarstofnanir atvinnulífs skulu greiddar af atvinnulífinu sjálfu.
- 89 Fjárframlög til lista og menningar skulu hugsuð sem heild og síðan brotin niður í verkefni. Með því er betur
- 90 haldið utan um mikilvægi framlaga og gætt að fjölbreytni.
- 91
- 92 *Skattar og opinber gjöld*
- 93 Einfalda skal skattkerfið. Afnema skal þrepaskiptingu tekjuskatts.
- 94 Lækka skal virðisaukaskattsprósentu á hærra skattþrepið.
- 95 Afnema skal lágmarksútsvar.
- 96
- 97 Snúa þarf við þeirri óheillaþróun sem birst hefur í hækkun skatta og gjalda á atvinnulífið og einstaklinga. Má
- 98 þar nefna tryggingagjald, breytingar á skattheimtu arðs til eigenda fyrirtækja, fjármagnstekjuskatt, ýmsa
- 99 skatta á eldsneyti, bankaskatt og sk. afdráttarskatt á vexti úr landi.
- 10 Afnema ber eignarskatta, auðlegðarskattur leiðir til fjármagnsflóttu og dregur úr hvata til fjárfestingar í
- 0 atvinnulífinu. Alltof kostnaðarsamt er fyrir lítil fyrirtæki að eiga við ótal leyfi, reglur og upplýsingagjöf. Þessu
- 10 þarf að breyta. Afnema skal sérstaka skatta á fjármagnstekjur erlendra aðila þar sem þeir hamla fjárfestingum
- 1 útlendinga.
- 10
- 2 Vinnumálastofnun og umsýsla tryggingagjalds skal flutt til aðila vinnumarkaðarins.
- 10 Fjármagnstekjuskattur verði lækkaður í fyrri horf. Innflutningsgjöld verði lækkuð til að örvaverslun og iðnað í
- 3 landinu.
- 10 Útvarpsgjald skal fellt niður.
- 4
- 10 Stefnt skal að því til framtíðar að flatur skattur verði að hámarki 15% á tekjur einstaklinga og á
- 5 fjármagnstekjur. Skattlagning á lögaðila verði samkeppnishæf miðað við önnur lönd.
- 10
- 6
- 10
- 7
- 10
- 8
- 10
- 9
- 110
- 111

## Ályktun um efnahags- og skattamál